

Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

44. fundur, haldinn 6. nóvember 2019, kl. 16:30

Mætt voru: Ása Kristín Jónsdóttir, Kolbrún Jara Birgisdóttir, Heimir Bates, Estelle M. Burgel, , Anna Rut Tryggvadóttir, Birgir Edwald og Hafrún Grétarsdóttir sem ritaði fundargerð. Ólafur Unnarsson og Anna Guðrún Steindórsdóttir boðuðu forföll

1. **Hlutverk skólaráðs og nýjir meðlimir**
Nýir meðlimir boðnir velkomnir og starf skólaráðsins kynnt.
2. **Starfsáætlun Sunnulækjarskóla**
Starfsáætlun Sunnulækjarskóla lögð fram og samþykkt án athugasemda.
3. **Starfsmannahandbók**
Starfsmannahandbók var kynnt og rædd.
4. **Ný stjórn foreldrafélags**
Nýkjörinn formaður foreldrafélags Sunnulækjarskóla, Anna Rut Tryggvadóttir sagði frá aðalfundi félagsins. Félagið hefur nýlega gefið öllum nemendum í 1. bekk merkt endurskinsvesti. Rætt var um hvað væri á döfinni í vetur.
5. **Breyting á afgreiðslu í mötuneyti Sunnulækjarskóla**
Kynnt var breyting á afgreiðslu í mötuneyti sem felst í breyttri afgreiðslulínu þar sem nemendur skammta sér matinn sjálfir. Nemendur eru ánægðir með matinn og fulltrúar foreldra taka undir að almenn ánægja er með matinn.
6. **Breytt rekstrarfyrirkomulag frístundaheimilis**
Kynnt var breyting á rekstrarfyrirkomulagi frístundaheimilisins. Almenn ánægja er með breytinguna og starf frístundaheimilisins.
7. **Nemendafjöldi**
Rætt var um nemendafjöldaþróun Sunnulækjarskóla. Nú eru 710 nemendur við skólann.
8. **Önnur mál**
 - a. Rætt um að fá nemendur í lið með skólanum að hafa símalausa daga. Símalausir dagar gætu verið samstarfsverkefni heimila og skóla. Nemendafulltrúar í skólaráði munu ræða símalausa daga innan sinna raða.
 - b. Fram kom að foreldrar eru sérstaklega ánægðir með Setrið, starfsmenn þess og starfsemi.

Fundi slitið kl. 17:50
HG/bed